



Reykjavík 10. ágúst 2009

Efni: *Göngum í skólann 2009*

Ágæti skólustjórnandi,

með þessu bréfi er athygli vakin á alþjóðlega verkefninu *Göngum í skólann* (www.iwalktoschool.org). Verkefnið hefst miðvikudaginn 9. september og lýkur formlega með alþjóðlega göngum í skólann deginum föstudaginn 9. október. Í ár verður lögð áhersla á að börn gangi eða hjóli til og frá skóla.

Markmið verkefnisins eru meðal annars:

- Hvatning til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar.
- Að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum.
- Vitundarvakning um hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf.
- Vitundarvakning um ferðamáta og umhverfismál.

Á síðasta ári tóku milljónir barna frá fjörutíu og tveimur löndum víðs vegar um heiminn þátt í *Göngum í skólann* með einum eða öðrum hætti.

Á heimasíðu *Göngum í skólann* verkefnisins er meðal annars að finna nánari upplýsingar um verkefnið ásamt hagnýtu efni fyrir skóla, nemendur og foreldra. Slóðin er:

www.gongumiskolann.is

Við viljum benda á að Iðjuþjálfafélag Íslands mun standa fyrir Skólatöskudögum dagana 21.-25. september. Þá daga heimsækja iðjuþjálfar nemendur grunnskóla víða um land. Þeir verða með fræðslu um notkun skólatöskunnar og vigta nemendur og skólatösku til að kanna hvort þyngd hennar sé hæfileg fyrir þá. Hægt er að hafa samband við Helgu Kristínu, helgakristin@greining.is, til að fá frekari upplýsingar.



IÐJUPJÁLFUN
LÆTTA LEIDIN - ER RÉTTA LEIDIN!

Þeir skólar sem ætla að taka þátt í *Göngum í skólann* verkefninu þurfa að:

Skrá sig til þátttöku með því að senda póst á orvar@isi.is fyrir 28. ágúst n.k.

Tilgreina nafn tengiliðs ásamt stuttri lýsingu á hvað viðkomandi skóli ætlar að gera í tilefni af *Göngum í skólann* mánuðinum. Það getur verið allt frá því að halda sérstaklega upp á alþjóðlega *Göngum í skólann* daginn (9. október) til þess að leggja áherslu á þetta þema í eina viku eða jafnvel allan septembermánuð.

Nafn skóla sem taka þátt mun koma fram á heimasíðu verkefnisins ásamt áður nefndri lýsingu. Einnig er mögulegt að setja inn tengil að heimasíðu viðkomandi skóla á heimasíðu verkefnisins.


Með kveðju,
fyrir hönd *Göngum í skólann* verkefnisins



Heimili og skóli



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



LÝÐHEILSUSTÖÐ



UMFERÐARSTOFA